



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, miðvikudagur, 28. október 2020
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn – Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 85. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 20. október sl. þar sem stofunni er gefið tækifæri á að koma á framfæri umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um þingsályktunartillöguna.

Lýsir stofan yfir ánægju sinni með tillöguna og fagnar því að leitast sé við setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa.

Telur Barnaverndarstofa þó tilefni til að benda á mikilvægi þess að barnaverndaryfirvöld hafi aðkomu að því samstarfi sem gert er ráð fyrir með tillögunni, en aðeins er minnst á félagsþjónustuyfirvöld, lögreglu, skóla og heilbrigðisyfirvöld í því sambandi. Leggur stofan til þá breytingu að barnaverndaryfirvöldum verði bætt inn í þá upptalningu sem fram kemur í tillögunni. Um mikilvægi samráðs við barnaverndaryfirvöld hvað þetta varðar vísar stofan til þess að þegar börn eiga aðkomu að heimilisofbeldismálum, hvort heldur sem það er með beinum eða óbeinum hætti, er vinnsla slíkra mála ávallt hjá barnaverndarnefnd viðkomandi sveitarfélags. Einnig geta heimilisofbeldismál ratað á borð Barnahúss þurfi börn að gefa skýrslu í máli. Við þessar aðstæður, þ.e. þegar mál eru til vinnslu hjá barnaverndarnefnd eða Barnahúsi, eru afar þröngar lagaheimildir til miðlunar upplýsinga eða til þess að eiga samráð við aðra fagaðila sem að þessum málum kunna að koma á fyrri eða síðari stigum. Gera barnaverndarlög nr. 80/2002 þannig ekki ráð fyrir upplýsingamiðlun að þessu leyti.

Með hliðsjón af framansögðu leggur Barnaverndarstofa einnig til að gert verði ráð fyrir fulltrúa barnaverndaryfirvalda í þeim starfshópi sem lagt er til að dómsmálaráðherra skipi í því skyni að móta umræddar tillögur.



Gerir Barnaverndarstofa ekki athugasemdir við efni tillögunnar að öðru leyti og veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu